

# Aðferðafræði II

## Yfirlit yfir helstu mælitölur

	Tvær eigindlegar breytur	Tvær breytur með röðuðum flokkum	Tvær raðbreytur	Eigindleg frumbreyta, (nær) samfelld fylgibreyta	Tvær (nær) samfelldar meginlegar breytur
<b>Mælitölur</b>	Fí (2 x 2 tafla) Lambda (stærri en 2 x 2 tafla)	Fí (2 x 2 tafla) Tá <sub>b</sub> (samhverf tafla) Tá <sub>c</sub> (ósamhverf tafla) Somers <i>d</i> Gamma	Raðfylgni Spearman's	Eta	Pearson <i>r</i>
<b>Tölfræðipróf</b>	Kíkvaðrat	Kíkvaðrat		<i>t</i> -próf	

Val á mælitölum takmarkast af eiginleikum breytanna sem unnið er. Gott er að styðjast við ofangreinda töflu sem gefur helstu viðmið við val á mælitölum. Töflunni má þó ekki fylgja bókstaflega heldur þarf að skilja hverja mælitölu fyrir sig og þekkja þá eiginleika gagnanna sem hún metur.

Eftirfarandi atriði er rétt að hafa í huga.

Tvíkostabreytur má ætíð túlka sem meginlegar breytur.

Meginlegar breytur eru ýmist samfelldar eða rofnar. Margar rofnar meginlegar breytur eru nær samfelldar og því notaðar sem slíkar. Dæmi um þetta er t.d. aldur í árum eða líkamshæð í sentímetrum.

Raðbreytur eru rofnar meginlegar breytur sem gefa til kynna röð mæligilda. Þær eru yfirleitt meðhöndlaðar öðru vís en (nær) samfelldar meginlegar breytur. Raðbreytur eru stundum raðaðar af náttúrunnar hendi. Oftar eru þetta þó (nær) samfelldar breytur sem er breytt í raðbreytur, t.d. til að minnka áhrif frávillinga eða vegna skekkju í dreifingu breytunnar.

Breytur með röðuðum flokkum eru flokkabreytur sem eru með meginlega eiginleika. Mæligildi innan hvers flokks verða ekki aðgreind, en flokkarnir eru meginlegar og því hægt að raða frá lágsta upp í hæsta flokk.

Munurinn á raðbreytu og röðuðum flokkum er sá að raðbreyta tekur mörg ólík gildi og því eru engin eða mjög fá gildi jöfn í sæti. Breyta með röðuðum flokkum tekur aðeins mjög fá gildi og því eru mjög mörg mæligildi jöfn í sæti (þ.e. í sama flokki). Því er ekki hægt að leggja þessar breytur að jöfnu.

Engin tölfræðipróf eru gefin upp fyrir raðfylgni Spearman's eða Pearson *r*. SPSS gefur þó upp marktækt fyrir þessar mælitölur en hún er reiknuð með formúlum sem ekki eru kenndar í Aðferðafræði II.